

Landsyfrrjettardómar 1891.

Mánudaginn 6. aprílmánaðar.

Nr. 7 1891:

Rjettvísinn

gegn

Guðmundi Gíslasyni.

Dómur:

Mál þetta hefir af hálfu rjettvísinnar verið höfðað gegn ákærða, verzlunarþjóni í Reykjavík, Guðmundi Gíslasyni, fyrir það, að hann hafi borið rangan vitnisburð fyrir rjetti, og var það dæmt í aukarjetti Reykjavíkur 26. jan. p. á. þannig, að ákærði skyldi samkvæmt 147. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan af sökinni leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur af hálfu rjettvísinnar verið áfrýjað til yfirdómsins.

Atvik máls þessa eru þau, að í nóvembermánuði síðastliðnum var húsbóndi ákærða, kaupmaður einn hjer í bænum, kærður fyrir bæjarfógetanum í Reykjavík fyrir helgidagaverzlun, og var ákærði kallaður fyrir lög-reglurjett til að bera vitni út af kæru þessari. Kannaðist ákærði þá við, að hann hefði — þó án vitundar húsbónda síns og jafnvel án vilja hans, því að hann hefði

fundið að því við sig, þegar hann komst að því — selt á sunnudögum úr verzlunarbúð húsbónda síns kaffi, syk-ur og tóbak og nokkrar fleiri vörur, en þetta hafi þó eigi verið nema 2 eða 3 sunnudaga, og aldrei hafi hann selt neinum manni brennivín á sunnudegi. Þá voru þó í rjettinum leidd 3 vitni að því, að hinn ákærði hefði selt þeim brennivín á sunnudegi í verzlunarhúsum húsbónda síns, sína 3 pelana hverjum, en hinn ákærði þrætti fastlega fyrir, að svo hefði verið, og var hann enn fastur á þeirri neitun, eptir að nefnd vitni höfðu staðfest þennan áburð með eidi í rjettinum. Með því að skýrsla hins ákærða þótti nú tortryggileg, var varðhaldsúrskurður uppkveðinn yfir honum, en á leiðinni í varðhaldið sá hann sig um hönd, og óskaði að mega aptur koma fyrir rjettinn til þess að breyta framburði sínum, er að ofan um getur. Þegar hann þá aptur kom fyrir rjettinn, kannaðist hann viðstöðulaust við það, að hinn fyrri framburður sinn hefði verið rangur að því leyti, að hann hefði selt tveim nafngreindum mönnum og 2 eða 3 öðrum mönnum, sem hann eigi tjáðist þekkja, brennivín á sunnudegi í verzlunarhúsum húsbónda síns, og að það hefði verið nokkuð optar en 2var eða 3var sinnum, sem hann hefði verzlað á sunnudegi í búð húsbónda síns.

Fyrir prófdómaranum tilgreindi ákærði eigi aðra ástæðu til þess, að hann bar rangt fram í málinu, en að það hefði verið af einhverri stífni og fáfræði meðfram, og einkum hefði sjer þótt það hvimleitt, að það vitnaðist í Good-Tempar-fjelaginu, sem hann væri meðlimur af, að hann hefði selt brennivín á sunnudegi, því það hefði verið borið upp á sig í fjelaginu, en hann þrætt fyrir, og væri þetta brottrekstrarsök þaðan. En

í varnarskjali sínu fyrir aukarjettinum bar hann það auk þessa fyrir, að hann hefði verið hræddur um, að mál yrði höfðað gegn sjer fyrir brennivínssöluna, og að hann hefði staðið í þeirri meiningu, að sjer væri eigi skylt að bera vitnisburð *undir eid* í opinberu máli, sem gæti varðað sjálfan hann og honum mætti refsa fyrir. — Að vísu er það nú töluvert vafasamt eptir atvikum málsins, hvort þessi síðartalda afsökun hans sje sönn, þar sem hann ekkert minntist á hana fyrir lögreglurjettinum, þegar hann var spurður um, hvað honum hefði gengið til að bera rangt fyrir rjettinum, en þó virðist það eigi verða fortekið með öllu, að eitthvað slíkt kunni að hafa vakað fyrir honum, þó hann greindi eigi frá því í prófunum, einkum þar sem málið er svo vaxið í sjálfu sjer, sbr. 3. og 10. gr. helgidagatilskipunarinnar 28. marz 1855, að hann gat haft ástæðu til að álíta, að það varðaði sjálfan hann, og virðist því rjett, samkv. 148. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, 1. másl., að hann verði látinn sleppa hjá hegningu fyrir hið átalda athæfi sitt, en verði þó skyldaður til að greiða málskostnað allan fyrir undir- og yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 krónur til hvors þeirra. Ber því að breyta hinum áfrýjaða dómi samkvæmt þessu.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guðmundur Gíslason, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en hann

skal þó skyldur til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu-
slau til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málflytningu-
mannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra. — Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 8/1891:

Rjettvísing
gegn
Stefáni Ólafssyni.

Úrskurður:

Áður fullnaðardómur gengur í máli þessu, virðist nauðsynlegt, að útvegaðar verði ýtarlegri skýrslur þær í málinu, er nú skal greina:

1. Skýrsla um það, hver eða hverjir mörkuðu lömb ákærða síðastliðið vor, sjerstaklega með tilliti til þess, hjá hverjum hin umrædda mismörkun hafi orðið.
2. Skýrsla Páls Þárðarsonar um það, er hann man um mismörkun lambs hjá ákærða nefnt vor, hvenær og hvernig hann vissi um mismörkunina, hvort hann athugaði þá markið, o. s. frv.
3. Ýtarlegri og greinilegri skýrsla, en framkomin er, um lambeign ákærða, hvernig lömbin heimtust honum í haust og hvaðan.
4. Ýtarlegra tilsvor ákærða um, hvað hann áleit um eignarheimild að lambinu, þegar hann markaði sjer það í síðastliðnum nóvembermánuði. Enn-